

# Ársskýrsla 2016

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins



# Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	<b>5</b>
Ávarp framkvæmdastjóra .....	<b>7</b>
Stjórn Nýsköpunarsjóðs .....	<b>9</b>
Eignarhlutar í félögum.....	<b>11</b>

## Ársreikningur

Áritun stjórnar.....	<b>15</b>
Áritun óháðra endurskoðenda .....	<b>16</b>
Rekstrarreikningur.....	<b>18</b>
Efnahagsreikningur.....	<b>19</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>20</b>
Skýringar .....	<b>21</b>



# Ávarp stjórnarformanns



## Almar Guðmundsson

Stjórnarformaður

Á sama vettvangi í fyrra gerði ég að umtalsefni mikilvægi þess að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og útflutning. Fjórða stoðin, hugverkaiðnaður, skapar mikil verðmæti og byggir ekki á takmörkuðum náttúruauðlindum þótt hún byggji m.a. á þekkingunni sem í nýtingu þeirra felst. Þá laðar hún einnig til landsins dýrmæt og vel borgandi störf. Það er mikil samkeppni milli landa um starfsemi þessara fyrirtækja og algengt að fyrirtækin flytji hluta eða alla starfsemi sína milli landa. Það er því mikilvægt að stjórnvöld yti undir uppbyggingu þessarar greinar og viðhaldi og efla samkeppnishæfni hennar.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur í rúma tvo áratugi fjárfest í ungum vaxandi fyrirtækjum og þannig tekið þátt í að byggja upp fjölbreyttara og öflugra atvinnulíf þar sem sproutar stækka og nýjar greinar breiðast út og festast í sessi. Það er mjög mikilvægt að sjóðurinn þróist og dafni í tengslum við síbreytilegt umhverfi sitt.

Það er ljóst að starfsárið 2016 endurspeglaði margar helstu áskoranir sjóðsins. Inn á við bar það hæst að miklar breytingar á starfsmannahaldi sjóðsins áttu sér stað, en hin hlið þeirra er fagnaðarefni enda standa vonir til að nýr sjóður sem fjárfestir í nýsköpun líti dagsins ljós á næstunni. Þegar lítið er á eignasafn sjóðsins og fjárfestingar undanfarin misseri blasir við mynd sem er umhugsunarverð. Tekjur af sölu af eignarhlutum hafa verið litlar og af þeirri ástæðu hefur sjóðurinn ekki haft fjármagn til nýfjárfestinga. Það er ekki góð staða. Það eru að meðaltali tæp níu ár síðan að sjóðurinn fjárfesti í þeim fyrirtækjum sem eru í eignasafninu og heil sjö fyrirtæki hafa verið í eignasafninu í meira en 10 ár. Eftir því sem eignirnar eldast fjarlægist sjóðurinn raunverulegt markmið sitt, sem er að styðja myndarlega við sprotafyrirtæki á fyrstu stigum og fylgja þeim eftir fyrstu áfanga en láta síðan öðrum fjárfestum eftir að taka fyrirtækin lengra. Það er augljóst að áhersla sjóðsins verður að vera á að breyta þessu á næstu misserum, enda er það forsenda þess að sjóðurinn hafi fé til nýfjárfestinga.

Á ársfundi sjóðsins í fyrra spurði ég eðlilega hvaða framtíðarsýn stjórnmalaflokkarnir hefðu

þegar kæmi að því að efla atvinnulíf á Íslandi þegar lítið væri fram til ársins 2024? Ein útgáfa af svari birtist í stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar en þar segir: „Leitað verður leiða til að auka aðgengi að vaxtarfjármagni fyrir nýsköpunar- og hugvitsfyrirtæki, að erlendum mörkuðum og nauðsynlegri erlendri sérfræðiþekkingu. Þannig verður byggt undir öflugt rannsókn- og þróunarstarf og samkeppnishæfni Íslands bætt.“ Það verður að taka undir þessi orð og nauðsynlegt að setja þau í samhengi við rekstur Nýsköpunarsjóðs.

Það er ljóst að tímabært er að endurskoða umgjörð sjóðsins og hefur hluti þeirrar vinnu verið í gangi undanfarin misseri af hálfu nýsköpunarráðuneytisins í góðu samráði við sjóðinn. Nauðsynlegt er að klára slíka vinnu hratt og vel. Samskipti okkar við ráðuneytið og nýjan ráðherra benda eindregið til þess að ríkur vilji standi til þessa, sem er fagnaðarefni. Það er aukin heldur eðlilegt að stjórnvöld velti fyrir sér, á grunni framangreindrar vinnu, hvort setji eigi frekara fjármagn til áhættufjárfestinga í nýsköpun og þá hvernig eigi að standa að því. Nágrannabjórðirnar hafa skýra stefnu hvað þetta varðar sem við getum lært af. Slík skref væru einnig eðlilegt framhald þeirrar miklu uppbyggingar sem átt hefur sér stað á Tækniþróunarsjóði og sambærilegum samkeppnissjóðum.

Síðastliðið sumar lést Gísli Benediktsson eftir baráttu við veikindi. Gísli hafði verið samferða sjóðnum alla tíð og helgað honum sína starfskrafta svo eftir var tekið. Við minnumst einstaks samstarfsmanns og vinar með hlýju og þökk. Í krefjandi verkefnum, stórum sem smáum, finnum við styrk og nýjar lausnir við að hugsa til hans. Blessuð sé minning hans og hafi hann innilega þökk fyrir sitt framlag.

Ég vil færa starfsfólki sjóðsins þakkir fyrir þeirra frábæra framlag til sjóðsins. Það er ástæða til að þakka Helgu Valfells, fyrrverandi framkvæmdastjóra og öðrum fráfarandi starfsmönnum fyrir frábært starf fyrir sjóðinn. Jafnframt bjóðum við Huld Magnúsdóttur, nýjan framkvæmdastjóra, velkomna. Við væntum mikils af hennar framlagi. Ég færi jafnframt samstarfsfólki mínu í stjórn bestu þakkir fyrir gott og heilt samstarf.



# Ávarp framkvæmdastjóra



Huld Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri

## AÐ NÁ FLUGI

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur verið starfandi í 20 ár eða frá árinu 1997. Margt hefur breyst í atvinnulífinu á þeim tíma og hefur Nýsköpunarsjóður þróast og þroskast með árunum. Sprotafyrirtækin sem sjóðurinn hefur fjárfest í á síðustu 20 árum eru margskonar og fjölbreytileikinn mikill. Mörg fyrirtækjanna hafa náð flugi og vaxið og dafnað, skapað verðmæti og tækifæri, mikinn fjölda áhugaverðra starfa og hannað vörur og þjónustu til heilla fyrir atvinnulífið og efnahagskerfið. Að mörgu er að huga við stofnun sprotafyrirtækja og hefur Nýsköpunarsjóður ávallt boðið þekkingu og reynslu samhliða fjárfestingum og átt því lána að fagna að hafa haft á að skipa einvali starfslíði þar sem þekking og fagmennska hefur verið höfð að leiðarljósi.

Allt er breytingum háð og er Nýsköpunarsjóður þar engin undantekning. Eins og fyrirtækin sem sjóðurinn fjárfestir í breytast og þroskast, gerir Nýsköpunarsjóður það líka. Framundan eru tímar þar sem laga- og starfsumhverfi sjóðsins verður skoðað með það að markmiði að sjóðurinn sé í takt við tímann og það umhverfi sem hann starfar í. Slíkar breytingar eru jákvæðar svo sjóðurinn megi þroskast og dafna í takt við tíðarandann og starfsumhverfið, allt til þess að sjóðurinn standi sem best að hlutverki sínu til aðstoðar við nýsköpun. Horft verður til ýmissa þátta s.s. hvernig nágrannaþjóðir stuðla að mikilvægu hlutverki fjárfestingasjóða og aðkomu hins opinbera á vettvangi nýsköpunar. Mikilvægt er þó á þessum tímamótum að sjóðurinn standi vörð um þau félög sem hann hefur fjárfest í, að fjölbreytileikinn sé í fyrirrúmi, að staða fyrirtækjanna sé góð og að þau nái flugi.

Nýsköpunarsjóður mun á næstu tveimur árum vera til ráðgjafar í norrænu verkefni sem nefnist „Scale-up“ og er á vegum Nordic Innovation. Tilgangur verkefnisins er að skoða leiðir til að aðstoða félög við að komast yfir þröskuld tiltekinnar stærðar hvort sem er í markaðshlutdeild og/eða veltu og hagnaðar. Öll norðurlöndin eiga fulltrúa frá opinberum fjárfestingasjóðum í verkefninu en auk þess eru fulltrúar frá sprotafyrirtækjum sem og Nasdaq Nordic. Mikilvægt er að skilja og skilgreina hvað það er sem verður til þess að sprotafyrirtæki ná flugi og er í verkefninu sérstaklega horft til samanburðar við önnur landsvæði í Evrópu og Bandaríkin.

## AFKOMA OG EIGNASAFN

Árið 2016 voru litlar breytingar á rekstri Nýsköpunarsjóðs en hins vegar breytist afkoma sjóðsins töluvert. Tekjur sjóðsins lækkuðu um 59 milljónir króna á milli ára eða um 49%. Þar af lækka tekjur vegna vaxta- og vörslutekna um 58 milljónir króna. Sjóðurinn seldi eignarhluti í þremur félögum á árinu og söluhagnaður nam 25 milljónum króna.

Árið 2016 var gjaldfært framlag í afskriftarreikning fjárfestingaverkefna 433 milljónir króna en árið 2015 var tekjufært framlag 26 milljónir króna. Laun og almennur rekstrarkostnaður sjóðsins lækkar um 1% milli ára.

Tap ársins 2016 nam 529 milljónum króna samanborið við 19 milljón króna tap á fyrra ári. Breytingin á milli ára skýrist að mestu leyti af auknu framlagi í afskriftarreikning fjárfestingaverkefna sem er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánum og fjárfestingum og því er um varúðarráðstöfun að ræða.

Bókfært verð eignahluta í fyrirtækjum nam 2.651 milljón króna og bókfært verð í eignahluta samlagshlutafélaga og samlagssjóðum nam 1.330 milljónum krónum. Fjárfest var í eignarhlutum í félögum fyrir samtals 203 milljónir króna en þar af var lánum breytt í hlutafé fyrir 160 milljónir króna. Ekki var fjárfest í nýjum fyrirtækjum á árinu 2016.

## STARFSMENN

Starfsmönnum og stjórn Nýsköpunarsjóðs er þakkað fyrir vel unnin verk og þeim starfsmönnum sem láta af störfum er sérstaklega þakkað fyrir framlag þeirra til sjóðsins og þeirra fyrirtækja sem þeir hafa unnið með. Vönduð og vel unnin verk hafa verið hornsteinn sem starfsmenn og stjórn geta verið stolt af.

### Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í maí 2017:

Huld Magnúsdóttir,  
Egill Másson,  
Smári Þórarinnsson,  
Svala Vignisdóttir,  
Helga Valfells,  
Hekla Arnardóttir,  
Jenný Ruth Hrafnadóttir.





# Stjórn nýsköpunarsjóðs



## Almar Guðmundsson

*Stjórnarformaður*

Almar er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá London Business School. Almar er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, en innan samtakana eru um 1.300 iðnfyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Hann starfaði áður sem framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda og hefur einnig á undanförunum árum fengist við kennslu við Háskólann í Reykjavík. Almar hefur komið að stjórnarstörfum á ýmsum sviðum og má þar nefna Skeljung hf., Vottun ehf. og knattspyrnudeild Stjörnunnar. Árin 1997 til 2008 starfaði Almar við ýmis stjórnunarstörf innan Íslandsbanka.



## Ásta Þórarinsdóttir

Ásta er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og er með MS-gráðu í Investment Management frá City University í London. Hún er framkvæmdastjóri Sinnum ehf. og annar af stofnendum þess og er einnig framkvæmdastjóri Evu ehf. móðurfélags Sinnum. Eva ehf. var stofnað árið 2007 og Sinnum árið 2008 og starfa fyrirtækin á velferðarsviði m.a. við heimþjónustu og rekstur sjúkrahótels. Ásta hefur setið í mörgum stjórnnum og nefndum bæði á einkamarkaði og hjá hinu opinbera s.s. Jökulum – verðbréfum, Gangverði ehf., ISB Holding, LÍN og Yfirfasteignamatnefnd. Áður en Ásta hóf störf hjá eigin fyrirtæki starfaði hún m.a. hjá Thule Investments og Fjármálaeftirlitinu.



## Ólafía B. Rafnsdóttir

Ólafía útskrifaðist með MBA-gráðu við Háskóla Íslands árið 2012. Hún lauk námi í mannauðsstjórnun við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2005 og verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2004. Ólafía hefur verið formaður VR frá árinu 2013 og er varaforseti ASÍ. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri mannauðssviðs hjá 365 miðlum og þar áður hjá Tal og Islandia Internet.



## Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir

Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir er framkvæmdastjóri líftækniyrirtækisins Primex ehf. þar sem hún hefur unnið frá árinu 2001 og verið leiðandi í uppbyggingu þess. Sigríður er snyrtifræðingur að mennt og var áður með eigin atvinnurekstur. Hún hefur sótt fjölda námskeiða í markaðsfræðum auk þess hefur hún lokið úflutningsverkefninu ÚH hjá Íslandsstofu og Stjórnendur í sjávarútvegi hjá HR. Sigríður situr í fagráði iðnaðar og þjónustu hjá Íslandsstofu.



## Gunnlaugur Sighvatsson

Gunnlaugur Sighvatsson er framkvæmdastjóri Martaks ehf. Gunnlaugur lauk B.Sc. gráðu í sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum á Akureyri árið 1994 og MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2006. Gunnlaugur starfaði sem sérfræðingur og síðar framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri 1994-1997. Hann var síðan framkvæmdastjóri Hólmadrangs ehf á Hólmavík í 16 ár. Á árunum 2009-2013 gegndi Gunnlaugur starfi framkvæmdastjóra Iceprótein ehf og var yfirmaður landvinnslu og eldis hjá FISK frá árinu 2013.



# Eignarhlutar í félögum

3Z ehf.	30,7%
Admit ehf.	30,0%
AGR-Aðgerðargreining ehf.	4,7%
Akthelia ehf.	22,4%
Atmo Select ehf.	11,9%
Azazo ehf. (Gagnavarslan)	17,2%
Coori ehf.	23,9%
Dohop ehf.	9,9%
eTactica ehf. (Remake)	24,2%
Expeda ehf.	22,6%
Fjölblendir ehf.	13,1%
Frumtak ehf.	43,0%
Gangverð ehf.	27,5%
Genis ehf.	9,6%
Geogreen ehf.	20,0%
Greencloud ehf.	14,5%
Icelandic Startups ehf,	15,9%
Kaptio ehf.	14,5%
Lífeind ehf.	71,5%
Menn og mýs ehf.	27,4%
Mentis Cura ehf.	12,8%
Mentor ehf.	12,1%
Mint solutions ehf.	9,6%
Norrænar myndir ehf.	40,9%
Oxymap ehf.	37,9%
Oz ehf.	1,4%
Sólfar Studios ehf.	13,1%
Stiki ehf.	41,5%
Valka ehf.	18,8%



# Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

## Ársreikningur 2016



# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tilgangur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Á árinu 2016 nam tap af rekstri sjóðsins 528,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok árs nam 4.688 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 4.822 millj. kr. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum á árinu. Í árslok 2016 voru 6 stöðugildi hjá sjóðnum.

Sjóðurinn er í eigu íslenska ríkisins.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á árinu 2016, efnahag sjóðsins 31. desember 2016 og breytingu á eigin fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. maí 2017

**Stjórn**

**Framkvæmdastjóri**

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.



## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 15. maí 2017

### ***Endurskoðendabjónustan ehf***

Sævar Þór Sigurgeirsson  
endurskoðandi

Sveinn R. Reynisson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>			
Vaxtatekjur og arður af fjárfestingarverkefnum .....		42.650	61.190
Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum .....	11 (	9.096)	48.432
Aðrar rekstrartekjur .....		2.400	2.414
Söluhagnaður eignarhluta .....		25.303	8.030
<b>Tekjur samtals</b>		61.257	120.066
<b>Rekstrargjöld</b>			
Framlag í afskriftarreikning fjárfestingarverkefna .....	17	432.659 (	25.837)
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingarverkefni .....		4.298	11.148
Laun og launatengd gjöld .....	12	98.630	99.791
Annar rekstrarkostnaður .....		55.408	55.970
Þátttaka annarra sjóða í rekstri .....		( 6.050)	( 6.700)
Veittir styrkir .....		4.842	4.692
Afskriftir .....	13	326	407
<b>Gjöld samtals</b>		590.113	139.471
<b>Tap ársins</b> .....		( 528.856)	( 19.405)

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	13	2.420	2.746
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	14	3.394.949	3.489.650
Útlán .....	15	328.267	403.680
Samlagssjóðir og samlagshlutafélög .....	16	1.598.915	1.609.126
Afskriftareikningur fjárfestingarverkefna .....	17	( 1.132.781)	( 953.209)
Fastafjármunir		<u>4.191.770</u>	<u>4.551.993</u>
Aðrar skammtímakröfur .....	18	62.806	76.690
Markaðsverðbréf, fjárvarsla .....	19	318.135	425.173
Handbært fé .....	19	153.466	195.355
Veltufjármunir		<u>534.407</u>	<u>697.218</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>4.726.177</u></u>	<u><u>5.249.211</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		4.821.767	4.821.767
Annað eigið fé .....		( 133.317)	395.539
Eigið fé	20	<u>4.688.450</u>	<u>5.217.306</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir vegna verkefna .....	22	15.650	5.365
Aðrar skammtímaskuldir .....		22.077	26.540
Skammtímaskuldir		<u>37.727</u>	<u>31.905</u>
Skuldir samtals		<u>37.727</u>	<u>31.905</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>4.726.177</u></u>	<u><u>5.249.211</u></u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur bankareikninga .....	(	12.569)	9.281
Innborgaðar aðrar tekjur .....		2.913	1.761
Innborgaðar tekjur af fjárfestingaverkefnum .....		41.561	104.374
Greiddur rekstrarkostnaður .....	(	156.749)	( 157.843)
Greiddir styrkir .....	(	4.842)	( 4.692)
Handbært fé til rekstrar	(	129.686)	( 47.119)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Ný útlán .....	15 (	95.975)	( 208.183)
Fjárfesting í samlagssjóðum .....	16 (	14.815)	( 35.227)
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum .....	14 (	42.434)	( 558.491)
Seldir eignarhlutir í öðrum félögum .....		66.895	70.394
Útborgað úr samlagssjóðum .....	16	25.026	0
Fjárvarsla markaðsverðbréfa, breyting .....		107.039	( 62.909)
Fengnar afborganir útlána .....	15	42.061	366.943
Fjárfestingarhreyfingar		87.797	( 427.473)
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	(	41.889)	( 474.592)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		195.355	669.947
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		153.466	195.355

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í tvær deildir, Stofnsjóð og Tryggingadeild útflutnings. Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, deilda hans og sjóða. Tryggingadeild útflutnings er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning á vöru og þjónustu.

## 2. Grundvöllur reikningskila

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningskilum, að því undanskyldu að markaðsverðbréf sem skráð eru á virkum markaði eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru í stöðugri enduskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Erlendir gjaldmiðlar

Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 5. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 6. Skattamál

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti.

## 7. Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

## Skýringar, frh.:

### 8. Fjáreignir

Eignarhlutir í öðrum félögum, fjárfesting í samlagssjóðum og útlán sem ætlunin er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði. Ef gangvirði fjáreigna er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignina þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsvirði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### 9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

### 10. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 11. Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum

Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum greinist þannig:

	2016	2015
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	7.045	6.083
Gengismunur .....	( 19.614)	3.198
Tekjur af vörslusjóðum .....	3.473	39.151
Samtals samtals .....	( 9.096)	48.432

### 12. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2016	2015
Laun .....	77.362	74.393
Lífeyrissjóður .....	11.808	11.537
Önnur launatengd gjöld .....	7.292	6.999
Annar starfsmannakostnaður .....	2.168	6.862
	<u>98.630</u>	<u>99.791</u>

Stöðugildi að meðaltali yfir árið .....

	7	7
--	---	---

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra eru sem hér segir:

	2016	2015
Laun framkvæmdastjóra .....	13.473	12.614
Laun stjórnar .....	4.633	4.502
	<u>18.106</u>	<u>17.116</u>

## Skýringar, frh.:

### 13. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	<b>Innréttingar og tæki</b>
Kostnaðarverð 1.1.2016 .....	8.770
Kostnaðarverð 31.12.2016 .....	8.770
Afskrifað 1.1.2016 .....	6.024
Afskrift ársins .....	326
Afskrifað 31.12.2016 .....	6.350
Bókfært verð 1.1.2016 .....	2.746
Bókfært verð 31.12.2016 .....	2.420
Afskriftahlutfall .....	20 - 33%

Vátryggingafárhæð varanlegra rekstrarfjármuna nam 13,3 millj. kr. í lok árs 2016.

### 14. Eignarhlutir í öðrum félögum

Breytingar á árinu greinist þannig:

	<b>2016</b>	<b>2015</b>
Eignarhlutir í upphafi árs .....	3.489.650	3.068.158
Fjárfest í nýjum eignarhlutum .....	202.913	548.648
Bókfært verð seldra eignarhluta .....	( 58.400)	( 52.522)
Endanlega afskrifaðir eignarhlutir .....	( 249.499)	0
Óútborguð fjárfestingaverkefni, breyting .....	10.285	( 74.634)
Kostnaðarverð í árslok .....	3.394.949	3.489.650

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði eða gangvirði reynist það lægra í samræmi við 40. gr. og 70. gr. laga um ársreikninga þar sem þeirra er aflað eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

## Skýringar, frh.:

### 14. Eignarhlutir í öðrum félögum, frh.:

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

Félag	Eignar- hluti	Félag	Eignar- hluti
3Z ehf. ....	30,7%	Greencloud ehf. ....	14,5%
Admit ehf. ....	30,0%	Icelandic Startups ehf. ....	15,9%
AGR - Aðgerðargreining ehf. ....	4,7%	Kaptio ehf. ....	14,5%
Akthelia ehf. ....	22,4%	Lífeind ehf. ....	71,5%
Atmo Select ehf. ....	11,9%	Menn og mýs ehf. ....	27,4%
Azazo ehf. (Gagnavarslan) ....	17,2%	Mentis Cura ehf. ....	12,8%
Coori ehf. ....	23,9%	Mentor ehf. ....	12,1%
Dohop ehf. ....	9,9%	Mint solutions ehf. ....	9,6%
eTactica ehf. (ReMake) ....	24,2%	Norrænar myndir ehf. ....	40,8%
Expeda ehf. ....	22,6%	Oxymap ehf. ....	37,9%
Fjölblendir ehf. ....	13,1%	Oz ehf. ....	1,4%
Frumtak ehf. ....	43,0%	Sólfar Studios ehf. ....	13,1%
Gangverð ehf. ....	27,5%	Stiki ehf. ....	41,5%
Genis ehf. ....	10,3%	Valka ehf. ....	18,8%
Geogreen ehf. ....	20,0%		

### 15. Útlán

Útlán greinast þannig:

	2016	2015
Útlán í upphafi .....	403.680	607.830
Ný útlán .....	95.975	208.183
Afborganir útlána .....	( 189.697)	( 366.943)
Áfallnir vextir, breyting .....	19.568	( 45.390)
Endanlega afskrifuð útlán .....	( 1.259)	0
Kostnaðarverð í árslok .....	<u>328.267</u>	<u>403.680</u>

Útlán sem ætlað er að eiga fram á gjaldaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.



## Skýringar, frh.:

### 16. Samlagssjóðir og samlagshlutafélög

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2016	2015
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.609.126	1.573.899
Fjárfesting í samlagssjóðum .....	14.815	35.227
Útborganir samlagssjóða .....	( 25.026)	0
Kostnaðarverð í árslok .....	<u>1.598.915</u>	<u>1.609.126</u>
	<b>Hlutdeild</b>	<b>Kostnaðarverð</b>
Frumtak slhf.* .....	37,0%	1.323.788
AUÐUR I .....	4,7%	130.048
Brú II .....	4,3%	145.079
Kostnaðarverð í árslok .....		<u>1.598.915</u>

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur sjóðsins minna en 50%.

\* Hlutfjáreign Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í Frumtaki slhf. er víkjandi fyrir hlutfjáreign annarra hluthafa í félaginu þannig að áður en Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á rétt á að fá útborgað við slit á Frumtaki slhf. eiga aðrir hluthafar rétt á að fá hlutfé sitt greitt að fullu áður. Ábyrgð sjóðsins vegna þessa er þó að hámarki 1.300 millj. kr. Tekið hefur verið tillit til þessa við mat á niðurfærsluþörf á eignarhlutnum.

### 17. Afskriftarreikningur fjárfestingaverkefna

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2016	2015
Afskriftarreikningur í upphafi árs .....	953.209	979.046
Framlag í afskriftarreikning, (lækkun) hækkun .....	432.659	( 25.837)
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni .....	( 253.087)	0
Afskriftarreikningur í lok árs .....	<u>1.132.781</u>	<u>953.209</u>

Gjaldfærsla í rekstrarreikningi greinist þannig:

Framlag ársins í afskriftarreikning og sölutap .....	396.484	( 76.220)
Niðurfærsla skammtímakrafna vegna fjárfestingaverkefna .....	36.175	50.383
	<u>432.659</u>	<u>( 25.837)</u>

Afskriftarsjóður fjárfestingaverkefna í efnahagsreikningi greinist þannig:

Afskriftarreikningur eignarhluta .....	744.313	742.683
Afskriftarreikningur útlána .....	119.622	83.447
Afskriftarreikningur samlagssjóða og samlagshlutafélaga .....	268.846	127.079
	<u>1.132.781</u>	<u>953.209</u>

## Skýringar, frh.:

### 17. Afskriftarreikningur fjárfestingaverkefna, frh.:

Afskriftarreikningur fjárfestingaverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánnum og fjárfestingum í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum. Lagt er í afskriftarreikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni en aldrei er virði eigna fært á hærra verði en kaupverði.

### 18. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Kröfur vegna seldra eignarhluta .....	1.150	10.888
Aðrar kröfur .....	61.656	65.802
Aðrar kröfur samtals í lok árs .....	62.806	76.690

### 19. Markaðsverðbréf, fjárvarsla

Markaðsverðbréf, fjárvarsla greinist þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Fjárvarsla í erlendri mynt .....	13.840	0
Fjárvarsla í íslenskum krónum .....	304.295	298.082
Aðrar kröfur samtals í lok árs .....	318.135	298.082

Á árinu 2016 er breytt framsetning á handbæru fé í fjárvörslu. Í fjárvörslu eru bankainnstæður að fjárhæð 158,3 millj. kr. sem er ekki flokkað sem handbært fé þar sem innstæðurnar eru eyrnamerktaðar vegna skuldbindinga sjóðsins í Frumtaki. Samanburðarfjárhæðum í ársreikningi hefur verið breytt til samræmis. Samkvæmt samþykktum Frumtaks slhf. ber að slíta félaginu eigi síðar en 29. desember 2018.

### 20. Eigið fé

Innborgað stofnfé sjóðsins er samtals 4.822 millj. kr. Samkv. 7. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé sjóðsins skuli að lágmarki vera 3.000 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við vísitölu neyðsluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé sjóðsins nam 4.688 millj. kr. í lok árs 2016 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 4.906 millj. kr.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016 .....	4.821.767	395.539	5.217.306
Tap ársins .....		( 528.856)	( 528.856)
Eigið fé 31.12.2016 .....	4.821.767	( 133.317)	4.688.450

Eigið fé skiptist með eftirfarandi hætti á milli deilda:

	31.12.2016	31.12.2015
Stofnsjóður .....	4.677.862	5.206.718
Tryggingadeild útflutnings .....	10.588	10.588
	4.688.450	5.217.306

## Skýringar, frh.:

---

### 20. Eigið fé, frh.:

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er miðað við að iðgjöld og tryggingahlutföll standi undir rekstri Tryggingadeildar útflutnings, greiðslna tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfseminn standi undir sér til lengri tíma litið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.

### 21. Tengdir aðilar

#### a. Skilgreining tengdra aðila

Eigandi, stjórnarmenn, stjórnendur og félög og stofnanir í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Ekki eru sérstaklega tilgreind viðskipti við íslenska ríkið eða félög og stofnanir í þess eigu.

#### b. Viðskipti við tengda aðila

Í rekstrarreikningi eru eftirtalinn viðskipti við tengda aðila:

	2016	2015
Þáttaka annarra sjóða í rekstri .....	6.050	6.700

### 22. Skuldir vegna verkefna

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um fjárfestingar til nokkurra fyrirtækja annað hvort í formi eignarhluta eða útlána að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skuldbinding í árslok sem færð er meðal skammtímaskulda nemur samtals 15,6 milljónum króna í árslok 2016 en nam samtals 5,4 milljón króna í árslok 2015.

### 23. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Ógreidd fjárfestingarloforð vegna samlagsjóða og samlagshlutafélaga nema í lok ársins 2016 um 16,7 milljónum króna samanborið við 38,5 milljónir króna í árslok 2015.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er í ábyrgð fyrir einu bankaláni samtals að fjárhæð 8 milljónir króna í lok árs 2016 samanborið við 12 milljónir króna í árslok 2015.

Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgð til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessarar ábyrgðar um 107,6 milljónir króna. Ábyrgðir Tryggingadeildar útflutnings eru baktryggðar af Ríkisábyrgðarsjóði sem mun bá taka á sig kostnað sem kann að falla á Trvæinaardeild útflutnings.

### 24. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi hinn 15. maí 2017.

